



Menntasvið Kópavogsbæjar

b/t Vallarráð Kópavogs

Digranesvegur 1

200 Kópavogur

Varðar: Afnot Síamamóts Breiðabliks af Kópavogsvelli, Fagralundi og öðrum mannvirkjum bæjarins

Síamamót Breiðabliks

Breiðablik hefur staðið fyrir knattspyrnumóti yngri stúlkna undanfarin rúm 35 ár og hefur mótið skapað sér algera sérstöðu í hugum yngri iðkenda enda margar af okkar bestu knattspyrnukonum og fyrirmyndum stigið þar sín fyrstu skref. Nú er komið að mótinu árið 2021 og verður það haldið dagana 8-11 júlí næstkomandi. Mótið hefur farið stækkandi ár frá ári og nú stefnir í að þátttakendur verði tæplega 3.000 en í ár verður gerð tilraun með að bjóða 8 flokk á hálf dagsmót sem verður í Fífunni á laugardeginum.

Kópavogsbær hefur ávallt stutt vel við bakið á mótinu m.a. með því að veita afnot af Kópavogsvelli og nærliggjandi völlum og viljum við með bréfi þessu leggja fram beiðni frá Mótanefnd Síamamótsins 2021 um afnot af Kópavogsvelli og nærliggjandi völlum auk valla í Fagralundi dagana 8-11 júlí í sumar.

Óskað er eftir:

- Að setningarathöfn mótsins á fimmtudeginum 8. júlí fái að fara fram á Kópavogsvelli eins og undanfarin ár. Skróðganga verður frá Smárahvammsvelli þar sem næg eru bílastæði og verður gengið sem leið liggur yfir lækinn og fyrir aftan Sporthúsið í skróðgöngu sem endar á stuttri setningarathöfn á Kópavogsvelli. Óskað er eftir heimild til að nýta Smárahvammsvöll í þessum tilgangi.
- Vegna aðstæðna á síðasta ári var tekin sú ákvörðun í fyrr að skilja 5. flokk alfarið frá og hafa hann í Fagralundi. 6. flokkur spilaði sína leiki á Fífuvöllum og Blikavöllum og 7. flokkur var alveg aðskilinn Kópavogsvelli. Þetta fyrirkomulag hentaði mjög vel og teljum við að þarna hafi tekist m.a. að búa til flottasta 5. flokks stelpumót á Íslandi og stendur hugur okkar til að gera slíkt hið sama á þessu ári.
- Þar sem svigrúm skapast með Fífuna sem var ónotuð í fyrra þá hefur verið ákveðið að bjóða stelpum í 8. flokki hjá þáttökuliðum að mæta á „Litla Síamamótið“ sem verður á laugardeginum með léttu leikjafyrirkomulagi fyrir og eftir hádegi.
- Farið verður að fullu eftir leiðbeiningum Almanna- og Landlæknis og sérstök áhersla lögð á þríf og sóttvarnir eftir því sem þörf þykir.

Sem fyrr er óskað eftir góðum undirtektum við þetta erindi frá bæjaryfirvöldum en ef einhverjar spurningar vakna þá má endilega hafa samband við undirritaðan eða Jóhann Þór Jónsson, formann Barna- og unglingaráðs Breiðabliks, sem er hér í afriti.



Vinsamlegast staðfestið móttöku.


Virðingarfyllt

Eysteinn Pétur Lárusson

Framkvæmdastjóri Breiðabliks